

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2021

Efni: Umsögn um mál 480, frumvarp breytingu á áfengislögum (heimabruggun)

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, hefur unnið að forvarnarmálum í marga áratugi og lætur sig lýðheilsumál skipta miklu máli.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Áfengi er vara sem veldur margvíslegu tjóni meðal einstaklinga, fjölskyldna og í öllu samfélaginu. Áfengi er stór áhættuþáttur fyrir krabbamein.

Í fjölda rannsókna hefur verið sýnt fram á tengsl milli áfengisneyslu og nokkurra tegunda krabbameina. Því hefur áfengisneysla verið flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC).

Þar af leiðandi getur Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins ekki mælt með frumvarpi þessu frumvarpi sem stuðlar að auknu aðgengi að áfengi.

Þetta frumvarpi gengur þannig þvert á stefnu t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Stofnunin hefur um áratugaskeið lagt til við aðildarþjóðir sínar að unnið verði markvisst að því að draga úr heildarneyslu áfengis, ekki síst með því að takmarka framboð á áfengi.

Lýðheilsusjónarmið eru ekki höfð í hávegum við gerð þessa frumvarps og ef það verður samþykkt mun verða erfiðara að fylgjast með heildarneyslu. Einnig má ætla að eftirlit með lögnum verði erfitt.

Æskilegast væri að yfirvöld myndu byrja á að móta sem allra fyrst heilstæða áfengisforvarnarstefnu, samhliða aðgerðaráætlun.

Virðingarfyllst,

Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins